

Árið 2010, föstudaginn 5. febrúar, var á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur í málinu nr. E-4040/2009

Protabú Tækja, tóla og byggingavara ehf.

(Valgerður Valdimarsdóttir hdl.)

gegn

Grjóthálsi ehf.

(Daði Ólafsson hdl.)

kveðinn upp svofelldur

DÓMUR:

Mál þetta, sem dómtekið var 28. janúar 2010, er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Protabú Tækja, tóla og byggingavara ehf., kt. 000000-0000, Reykjavík, gegn Grjóthálsi ehf., kt. 000000-0000, Skúlagötu 63, Reykjavík, með stefnu sem birt var 21. mars 2009.

Dómkröfur stefnanda eru að rift verði með dómi greiðslu frá stefnanda til stefnda að fjárhæð 17.006.372 kr. sem fram fór 1. og 29. apríl með millifærslu í bókhaldi félagsins með því að krafa stefnanda á Eykt ehf. kt. 000000-0000, að fjárhæð 17.006.372 kr., var færð sem innborgun á kröfu stefnda. Þá er krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 17.006.372 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 15. apríl 2009 til greiðsludags. Að lokum er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda að mati dómsins.

Dómkröfur stefnda eru *adallega* að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. *Til vara* að stefnukröfur verði stórlega lækkaðar. Í báðum tilvikum er þess krafist að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað samkvæmt mati dómsins.

Stutt yfirlit um atvik að baki máli og ágreiningsefni í því: Með bréfi, sem mótttekið var í Héraðsdómi Reykjavíkur hinn 29. júlí 2008, krafðist stjórn Tækja, tóla og byggingavara ehf. þess að bú félagsins yrði tekið til gjaldþrotaskipta. Greint var frá því að gengismál hefðu leikið félagið grátt; eigið fé samkvæmt milliuppgjöri fyrir

fyrstu fjóra mánuði ársins væri neikvætt um 1.548.155.427 kr. Þá segir að SP-Fjármögnun hf. og Lýsing hf. hefðu rift fjármögnunarleigusamningum við félagið og Glitnir banki hf. hefði leyst til sín allar verðsettar eignir félagsins og tekið yfir rekstur steypustöðvar og Glitnir fjármögnun hefði með bréfi 23. júlí rift eignaleigusamningi við félagið. Skyld væri að krefjast gjaldþrotaskipta samkvæmt 64. gr. laga nr. 21/1991. Þá var upplýst að samkvæmt árs hlutareikningsuppgjöri félagsins frá 1. janúar til 30. apríl 2001 væri tap félagsins 1.365.173.100 kr., eignir félagsins 5.527.485.212 kr. og skuldir þess 7.075.640.639 kr.

Bú Tækja, tóla og byggingavara ehf. var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði hinn 30. júlí 2008. Í bréfi skiptastjóra til stefnda, Grjótháls ehf., hinn 15. mars 2009, segir, að athugun á bókhaldi hafi leitt í ljós að Tæki, tól og byggingavörur ehf. hefði greitt Grjóthálsi ehf. skuld að fjárhæð 17.006.372 kr. í júní 2008 með inneign Tækja, tóla og byggingavara ehf. hjá Eykt ehf. Með þessu hafi Grjótháls ehf. fengið greidda kröfu á Tæki, tól og byggingavörur ehf. Krafist var riftunar á framangreindu og að fjárhæðin yrði endurgreidd þrotabúinu.

Af hálfu stefnda, Grjótháls ehf., segir að félagið eigi fasteignirnar að Norðlingabraut 12 og Vagnhöfða 5 í Reykjavík. Tæki, tól og byggingavörur ehf. - áður Mest samsteypan ehf. - hafi leigt þessar fasteignir allt frá árinu 2006 og greitt Grjóthálsi ehf. fyrir leigu á húsnæðinu með því að skuldajafna kröfu á hendur Eykt ehf. á móti leigugjaldinu. Eykt ehf. hafi síðan gert upp við Grjótháls ehf. Í janúar 2007 hafi orðið sérstakt samkomulag um slíka skuldajöfnun og frá þeim tíma hafi skuldajöfnun verið samþykkt í tölvupósti milli aðila.

Þá segir að hinn 1. apríl 2008 og 29. apríl 2008 hafi Tæki, tól og byggingavörur ehf. greitt Grjóthálsi ehf. fyrir leigu fasteignanna að Norðlingabraut 12 og Vagnhöfða 5 í Reykjavík, leigugjald fyrir apríl og maí 2008. Hafi greiðslurnar farið fram með þeim hætti að kröfur Tækja, tóla og byggingavara ehf. á hendur Eykt hf. var skuldajafnað á móti viðskiptaskuld Tækja, tóla og byggingavara ehf. við Grjótháls ehf. Með bréfi, dagsettu 15. mars 2009, hafi skiptastjóri Tækja, tóla og byggingavara ehf. krafist þess að rift yrði þessum greiðslum og að Grjótháls ehf. greiddi þrotabúinu 17.006.372 kr. Af hálfu Grjótháls ehf. hafi að svo stöddu kröfum skiptastjórans verið hafnað sökum skorts á gögnum og farið fram á frekari gögn til stuðnings kröfunum. Skiptastjórinn hafi ekki orðið við því.

Helstu málsástæður stefnanda og réttarheimildir er hann byggir á: Stefandi, þrotabú Tækja, tóla og byggingavara ehf., byggir á því að rifta beri með dómi greiðslu Tækja, tóla og byggingavara ehf. til Grjótháls ehf. fyrir leigu í apríl og maí 2008 á fasteignum að Norðlingabraut 12 og Vagnhöfða 5 í Reykjavík með þeim hætti sem gert var. Krafa á þriðja aðila sé óvenjulegur greiðslueyrir í skilningi laga um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991. Um hafi verið að ræða greiðslu skuldar á síðustu sex mánuðum fyrir frestdag [29. júlí 2008] sem á ótilhlýðilegan hátt hafi orðið Grjóthálsi ehf. til hagsbóta á kostnað annarra kröfuhafa og verið brot á jafnræðisreglum skuldaskilaréttar.

Um réttarheimildir vísar þrotabú Tækja, tóla og byggingavara ehf. til 134. gr., 141. gr. og 142. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991. Kröfu um

dráttarvexti og vaxtavexti styður þrotabúið við reglur III. kafla laga nr. 38/2001 og kröfu um málskostnað við 1. mgr. laga nr. 91/1991.

Helstu málsástæður stefnda og réttarheimildir er hann byggir á: Stefndi, Grjótháls ehf., byggir á því að greiðsla Tækja, tóla og byggingavara ehf. til Grjótháls ehf. fyrir leigu á fasteignum Grjótháls ehf. að Norðlingabraut 12 og Vagnhöfða 5 í Reykjavík í apríl og maí 2008 með þeim hætti, sem gert var, hafi verið venjuleg. Þessi háttur á leigugreiðslu hafi verið hafður um árabil á grundvelli samkomulags milli Tækja, tóla og byggingavara ehf. og Grjótháls ehf. Þetta hafi verið venja ótengd fjárhagsstöðu Tækja, tóla og byggingavara ehf. Þá byggir Grjótháls ehf. á því að fjárhæð, sem hér um ræðir og greidd var með skuldajöfnun, hafi hvorki verulega skert greiðslugetu Tækja, tóla og byggingavara ehf. né Grjótháls ehf. með þessu móti fengið kröfu greidda umfram aðra kröfuhafa. Eigið fé Tækja, tóla og byggingavara ehf. hafi - samkvæmt milliuppgjöri fyrstu fjóra mánuði ársins 2008 - verið neikvætt um 1.548.155.427 kr. Greiðsla að fjárhæð 17.006.372 kr. hafi því ekki verulega skert greiðslugetu Tækja, tóla og byggingavara ehf., enda smáræði í samhengi við veltu félagsins. Einnig byggir Grjótháls ehf. á því að umdeild skuldajöfnun hafi ekki valdið Tækjum, tólum og byggingavörum ehf. tjóni í ljósi þess, að hefði Tæki, tól og byggingavörur ehf. ekki greitt húsaleigu með skuldajöfnun - sem var venjulegur greiðslueyrir milli félagsins og Grjótháls ehf. - fyrir þá tvo mánuði sem hér um ræðir, hefði Tæki, tól og byggingavörur ehf. verið borið út úr húsnæðinu og allur rekstur þess stöðvast og það valdið mun meira tjóni fyrir kröfuhafa en nemi umdeildum leigugreiðslum. Loks byggir Grjótháls ehf. á því að dómsorð geti ekki kveðið á um skyldu til að greiða þær fjárhæðir, sem greinir í dómkröfum stefnanda, þar sem þær nema ekki ætlaðri auðgun stefnda, 1. mgr. 142. gr. laga nr. 21/1991 kveði á um endurgreiðslu á fjárhæð sem nemi auðgun riftunarþola. Hvorki sé í stefnu krafist endurgreiðslu né skýrður grundvöllur ætlaðrar skyldu stefnda til að endurgreiða né þess krafist að endurgreiðsla sé ákveðin sem tjónsbætur eftir almennum reglum. Með hliðsjón af framangreindu byggir stefndi á því að skilyrði endurgreiðslu séu ekki uppfyllt. Í öllu falli geti endurgreiðsla ekki numið hærri fjárhæð en ætluð auðgun stefnda.

Grjótháls ehf. byggir varakröfu sína á sömu málsástæðum og röksemdum og aðalkröfu. Ósannað sé að Tæki, tól og byggingavörur ehf. hafi orðið fyrir tjóni og þó svo hafi verið, þá sé tjónið ekki í nokkru samræmi við stefnukröfur.

Um réttarheimildir vísar Grjótháls ehf. til almennra reglna kröfuréttar og gjaldþrotaréttar, einkum um skuldajöfnun, og til ákvæða laga nr. 21/1991, einkum 100. gr., 134. gr., 141. gr. og 142. gr. Þá vísar félagið til málsforræðisreglu íslensks einkamálaréttarfars. Um réttarheimild fyrir kröfu um málskostnað vísar Grjótháls ehf. til 129. gr. og 130. gr. laga nr. 91/1991.

Niðurstæða: Upplýst er að Pétur Guðmundsson, Brúnastöðum 63 í Reykjavík, var stjórnarmaður Grjótháls ehf., Eyktar ehf. og Tækja, tóla og byggingavara ehf. á þeim tíma sem hér um ræðir. Hann vissi því eða mátti vita um ógjaldfærni Tækja, tóla og byggingavara ehf. þegar félagið greiddi Grjóthálsi ehf. apríl- og maíleigu á fasteignunum Norðlingabraut 12 og Vagnhöfða 5 í Reykjavík að fjárhæð

17.006.372 kr., hinn 1. apríl og 29. apríl 2008, með því að skuldajafna kröfu Tækja, tóla og byggingavara ehf. á hendur Eykt hf. á móti leiguskuld Tækja, tóla og byggingavara ehf. við Grjótháls ehf.

Þrátt fyrir að þessi háttur á leigugreiðslu hafi verið hafður allt frá árinu 2006 á grundvelli samkomulags milli Tækja, tóla og byggingavara ehf. og Grjótháls ehf., svo sem haldið er fram að hálfu Grjótháls ehf., verður að telja, að Pétri Guðmundssyni hafi mátt vera ljóst í byrjun apríl 2008 að óvíst væri hvort Tæki, tól og byggingavörur ehf. gæti lengur staðið undir skuldbindingum sínum, þ.á m. greitt húsaleigu. Í því sambandi er varla raunhæft að ætla að Pétur hefði, eins og á stóð, látið fjarlægja Tæki, tól og byggingavörur ehf. úr húsnæðinu að Norðlingabraut 12 og Vagnhöfða 5 vegna húsaleiguskulda við Grjótháls ehf., en að því er vikið í greinargerð stefnda. Um þetta hefði Pétur sjálfur getað borði fyrir rétti hefði hann kosið það.

Framangreind ráðstöfun Tækja, tóla og byggingavara ehf. og Grjótháls ehf. verður að teljast til hagsbóta fyrir Grjótháls ehf. á kostnað annarra og leiða til þess að umrædd fjárhæð er ekki til reiðu til fullnustu öðrum kröfuhöfum. Ráðstöfunin er ótilhlýðileg þar sem stjórnarmaður Grjótháls ehf. vissi eða mátti vita um ógjaldfærni Tækja, tóla og byggingavara ehf. Samkvæmt 141. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. verður því fallist á kröfur þrotabúsins og stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn 186.750 krónur.

Páll Þorsteinsson héraðsdómari kveður upp dóminn.

DÓMSORÐ:

Rift er greiðslu frá stefnanda, Tækjum, tólum og byggingavörum ehf., til stefnda, Grjótháls ehf., að fjárhæð 17.006.372 kr. sem fram fór 1. og 29. apríl með millifærslu í bókhaldi félagsins með því að krafa stefnanda á Eykt ehf., kt. 000000-0000, að fjárhæð 17.006.372 kr., var færð sem innborgun á kröfu stefnda.

Stefndi greiði stefnanda 17.006.372 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 15. apríl 2009 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 186.750 krónur í málskostnað.

Páll Þorsteinsson